

Ályktun um málefni heimilanna

Þing Starfsgreinasambands Íslands krefst þess að afkoma heimila í landinu verði tryggð nú þegar. Háir vextir, mikil verðbólga, fall krónunnar, lækkun húsnæðisverðs og versnandi atvinnuástand hafa skilið fjölmargar fjölskyldur og einstaklinga eftir á barmi eignamissis og gjaldþrots, auk þeirra sem nú þegar hafa misst allt sitt.

Þingið gagnrýnir þann seinagang sem einkennt hefur vinnubrögð stjórnvalda og peningastofnana varðandi málefni fjölskyldufólks og einstaklinga, en loks hafa stjórnvöld vaknað til lífsins. Þingið fagnar þeim hugmyndum sem félagsmálaráðherra hefur kynnt vegna leiðréttingar á greiðslubyrði lána. Þá hvetur þingið ráðamenn þjóðarinnar til að útfæra þær nánar og koma þeim í framkvæmd sem allra fyrst. Líta ber á þessar aðgerðir sem fyrsta skref til leiðréttingar á greiðsluvanda heimila í landinu.

Fjölskyldan er hornsteinn þjóðfélagsins sem hlúa ber að með öllum tiltækum ráðum. Þingið harmar þær skerðingar á kjörum sem öryrkjar og aldraðir hafa orðið fyrir umfram aðra þjóðfélagsþegna. Starfsgreinasambandið leggur sérstaklega áherslu á hagsmuni barna og unglinga í ljósi erfiðs efnahagsástands. Sambandið hvetur til þess að stjórnvöld gangist fyrir því að skólamáltíðir verði gjaldfrjálssar og að íþrótt og tómstundastarf barna og unglinga verði aðgengilegt öllum. Ennfremur bendir sambandið á að jafnræði til náms hefur raskast með tilliti til efnahags og búsetu. Þá verða stjórnvöld einnig að gæta þess að fyrirhugaður niðurskurður bitni sem minnst á þeim hópum sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu.

Leggja þarf höfuðáherslu á að sem víðtækust sátt náist um þær aðgerðir sem framundan eru. Samstaða þegna þessa lands er grundvöllur þess að friður ríki um lausn mála á komandi misserum.